

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Gnitaheiði 14, Kópavogi

Tími: 11. september 2008, kl. 20.00– 22.30

Viðstaddir: Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir

Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)

Frá Króki: Hannes Siggason (HS) formaður

Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)

Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Sérstaklega boðaður: Magnús Jóhannesson Króki (MJ)

Forföll boðaði: Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)

Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar (umsj: ritari/EK).
- 2) Fyrirkomulag funda, fundaáætlun (umsj. HS).
- 3) Fjárhagsstaða félagsins (umsj. KK).
- 4) Verklök við GPS-mælingar í Fellsmörk (umsj. HS).
- 5) Heimasíða félagsins (umsj. ERS).
- 6) Félagatalið, uppfærsla, límmiðar á umslög (umsj. HS).

*****Kaffihlé*****

- 7) Upplýsingar frá fundi 8. september 2008 með formanni og framkvæmdastjóra SR vegna endurskoðunar leigusamninga við landnema (umsj. MJ).
- 8) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (umsj. HE).
- 9) Fréttir af stjórnarstörfum SR (umsj. HE).
- 10) Hugmynd að fræðslufundi/myndakvöldi í vetrarbyrjun (umsj. HS).
- 11) Önnur mál (Allir).

Fundurinn hófst kl. 20.00.

1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar. EK las upp fundargerð síðasta reglulega stjórnarfundar 92008 sem var samþykkt og undirrituð af viðstöddum.

2 Fyrirkomulag stjórnarfundar, fundaáætlun. HS dreifði á fundinum og kynnti. Gert er ráð fyrir sjö mánaðarlegum stjórnarfundum fram til aðalfundar vorið 2009, að desember undanskildum. Fundirnir verða haldnir til skiptis á heimilum stjórnarmanna og verða fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu félagsins á Netinu.

3 Fjárhagsstaða félagsins. Þar eð gjaldkeri var fjarverandi bíður þessi liður næsta stjórnarfundar 16. október 2008.

4 Verklök við GPS-mælingar í Fellsmörk. Þessu máli voru gerð góð skil á aðalfundi félagsins 3. apríl 2008. Stjórnarmenn lýstu almennri ánægju með verk Landnota undir forystu Elínar Erlingsdóttur landfræðings og allra annarra sem komu að málinu. Endanleg gögn frá Landnotum voru send eftir aðalfundinn til byggingafulltrúans í Vík og SR.

5 **Heimasíða félagsins.** Ekkert nýtt efni hefur verið sett inn á síðuna síðan í vor er leið. Ljósmyndir af starfseminni fyrir austan verða settar inn bráðlega (gróðursetningardagurinn í júní sl.). ERS mun athuga með teljara, þ.e. að mæla umferð um síðuna. Vissir tæknilegir örðugleikar eru uppi í því sambandi sem ERS mun reyna að leysa.

6. **Félagatalið, uppfærsla, límmiðar á umslög.** Fyrir liggur félagatal frá aðalfundi. EK mun bera það saman við skrá gjaldkera um þá sem greiða félagsgjald og verður límmiðagrunnurinn leiðréttur (ERS) samkvæmt niðurstöðu þess samanburðar. EK mun leita eftir því að fá rétt tölvupóstföng félagsmanna frá fulltrúum brautanna í stjórninni. Vonast er til að uppfært félagatal verði tilbúið fyrir næsta stjórnarfund 16. október nk.

7. **Upplýsingar frá fundi 8. september 2008 með formanni og framkvæmdastjóra SR vegna endurskoðunar leigusamninga við landnema.** HS greindi frá því að hann hefði afhent í landbúnaðarráðuneytinu (LBR) möppu í júní sl. með eintökum af öllum leigusamningum, sem eru til, milli landnema og SR. Framkvæmdastjóri SR var einnig á fundinum. Þá voru GPS-mælingagögnin og afhent. Fulltrúi LBR, Sigurður Þráinsson, vill að samningur LBR og SR verði endurskoðaður. LBR vill eingöngu ganga frá stofnskjölum fyrir þau lönd þar sem frístundahús eru eða til stendur að reisa. Samkvæmt tölvuskeyti frá byggingarfulltrúanum í Vík, dagsett 7. ágúst sl., hafa stofnskjöl verið gerð fyrir Keldudal 3, Heiðarbraut 9, Gilbraut 4, 8 og 9. Lóðarstæðir hafa verið leiðréttar fyrir Heiðarbraut 3, 5, 6, 7 og 10, Krók 5, 6, 8, 10 og Keldudal 1 og 2. Þessar lóðir voru til í Landsskrá. Fundur var haldinn í sumar þar sem fulltrúar félagsins (HS, ERS og MJ) hittu framkvæmdastjóra SR til skrafs og ráðagerða um stöðu landnemasamninganna og þinglýsingarferli þeirra. Annar fundur var haldinn 8. september sl. þar sem HS, HE og MJ hittu Helga Gíslason, framkvæmdastjóra SR, og Gunnlaug Claessen stjórnarmann í SR. Fundarefnið var tölvuskeyti frá LBR til SR þar sem LBR títundar þau ákvæði sem ráðuneytið telur nauðsynlegt að bæta inn í landnemasamningana til þess að ráðuneytið geti staðfest þá. Fulltrúar Félags landnema bentu SR-mönnum á að margt í hugmyndum LBR virtist stangast á við nýsamþykkt lög um frístundabyggðir frá Alþingi. Var Helga G. falið að hafa samband við ráðuneytið og spyrjast fyrir um forsendur hugmynda þess og hvort LBR hafi ekki haft hliðsjón í tillögugerð sinni af hinum nýju lögum frá 11. júní 2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (75/2008). MJ upplýsti á fundinum (11/9 '08) að Helgi G. hefði sent LBR fyrirspurn varðandi fyrrgreind atriði fyrr í dag, 11. september. Mun HS fylgjast með málinu á næstunni. Miklar umræður urðu á stjórnarfundinum um þessi mál öll og lýsti HS furðu sinni og andstöðu við að félagsmönnum yrði mismunað hvað gerð stofnskjala varðar og var ákveðið að hann myndi, ásamt GSÓ og MJ semja texta nýs samninga landnerma við SR eins og félag okkar telur að slíkir samningar eigi að líta út og freista þess að fá þeim þinglýst fyrir alla landnema. Verður lagt allt kapp á að ljúka þessum málum sem fyrst nú eftir að GPS-mælingunum er farsællega lokið.

8. **Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda.** Í fjarveru HE eru engar nýjar fréttir af þessu máli.

9. **Fréttir af stjórnarstörfum SR.** Í fjarveru HE eru engar nýjar fréttir af þessu máli.

10. **Hugmynd að fræðslufundi/myndakvöldi í vetrarbyrjun.** HS lagði til að efnt yrði til slíks fundar fyrri hluta nóvembermánaðar. Stakk EK upp á því að fenginn yrði sérfróður maður til þess að fjalla um og kynna nýju lögin um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús mun EK finna fyrirlesara.

11. **Önnur mál.** Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fundi slitið um kl. 22.30.

Fundargerðina ritaði Einar Kristjánsson ritari.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: